

HEIMAVIST MA OG VMA

Eyrarlandsvegur 28 • 600 Akureyri • sími 455-1600 • Fax 455-1601
www.heimavist.is • heimavist@heimavist.is • Kt. 630107-0160



Skýrsla fyrir skólaárið 2020 – 2021

Almennt

Lundur rekur Heimavist MA og VMA fyrir báða framhaldsskólana á Akureyri; annars vegar í nýbyggingu Lundar og hins vegar í eldri byggingu sem áður hýsti heimavist MA. Byggingarnar eru tengdar saman með björtu og rúmgóðu anddyri.

Lundur er sjálfseignarstofnun sem rekur heimavistina á grundvelli þjónustusamnings við menntamálaráðuneytið frá desember 2001. Samningurinn kveður á um að Lundur tryggi íbúum frambærilegt húsnæði til búsetu, öruggar og heimilislegar aðstæður ásamt eftirliti með íbúunum auk viðunandi þvottþjónustu og fullnægjandi mötuneytisaðstöðu. Með samningi við mötuneyti MA felur Lundur mötuneyti MA að reka mötuneyti og þvottahús á nemendagörðunum samkvæmt þjónustusamningi Lundar við menntamálaráðuneytið.

Á heimavistinni er rými fyrir 333 íbúa og er þá miðað við að tvímennt sé í öll herbergi nýbyggingar, í þrjú stærri herbergi á gömlu vistinni auk níu herbergja á svítum. Hefðbundnu herbergin á gömlu vistinni eru nýtt sem eins manns herbergi á veturna.

Aðsókn

Þegar lokað var fyrir umsóknir í byrjun júní var aðsóknin svipuð og árið á undan og engir biðlistar. Minni aðsókn hefur gert það að verkum að hægt er að bjóða íbúum upp á að leigja sér tveggjamanna herbergi með baði sem áður hefði ekki staðið til boða. Með þessu móti hefur verið hægt að ná nokkuð góðri nýtingu á húsnæðinu.

Ætlast hefur verið til að íbúar skuldbindi sig til að búa á heimavistinni yfir skólaárið á meðan þeir halda eðlilegri námsframvindu, enda er góð nýting mikilvæg fjárhagsleg forsenda garðanna.

Nemendum sem hætta námi eða falla frá námi er þó unnt að segja upp húsaleigusamningi með stuttum fyrirvara. Gengið er út frá því að ólögráða nemendur beggja skóla hafi forgang svo og nemendur sem sækja sérnám sem ekki er að finna í þeirra heimabyggð eða nám sem er mikilvægt skólunum. Að þessu frátöldu er lausu rými úthlutað í venjulegu hlutfalli 2/3 MA og 1/3 VMA, þó þannig að skólameistarar og framkvæmdastjóri Lundar leysi sameiginlega úr vandamálum, ef upp koma.

Fjöldi íbúa

Þegar heimavistin hóf starfsemi haustið 2020 voru flest öll herbergi nýtt en líkt og áður eiga þó nokkrar breytingar sér stað á þeirri íbúaskrá sem lagt er af stað með inn í skólaárið.

Ef miðað er við íbúafjölda 1. október 2020 þá voru alls 289 íbúar á heimavistinni eða 129 íbúar í MA og 160 íbúar í VMA. Ef horft er til ársins á undan er það nokkur fjölgun.

Kynjahlutfall allra íbúa er svipað og árinu áður eða 58% stúlkur og 42% piltar. Hlutfallið skiptist þannig á milli skólanna: Hjá íbúum VMA voru alls 46% stúlkur og 54% piltar sem er svipað og var á síðasta skólaári. Hjá MA íbúum voru stúlkur 73% og 27% piltar en hlutfall kynjanna hefur snúist við frá árinu áður þegar að stúlkur voru í minnihluta.

Ef skoðuð er tafla 1 yfir aldursdreifingu íbúa haustið 2020 (miðað við 1. október) voru 73% allra íbúa ólögráða sem var jafn skipt á milli MA og VMA. Þessi aldursdreifing er svipuð fyrra ári.

Tafla 1 - Aldursdreifing íbúa í október 2020

| | Aldursdreifing allra íbúa | Aldursdreifing MA íbúa | Aldursdreifing VMA íbúa |
|------------------------|--------------------------------------|-----------------------------------|------------------------------------|
| Íbúar fæddir árið 2005 | 1% | 2% | <1% |
| Íbúar fæddir árið 2004 | 44% | 43% | 44% |
| Íbúar fæddir árið 2003 | 28% | 27% | 29% |
| Íbúar fæddir árið 2002 | 20% | 25% | 16% |
| Íbúar fæddir árið 2001 | 5% | 2% | 7% |
| Íbúar fæddir árið 2000 | <1% | 0 | >1% |
| Íbúar fæddir árið 1999 | <1% | 0 | >1% |
| Íbúar fæddir árið 1998 | 0 | 0 | 0 |
| Íbúar fæddir árið 1997 | <1% | 0 | <1% |
| | 100% | 100% | 100% |

Á hverju skólaári dvelja systkini á heimavistinni en þau fá sérstakan systkinaafslátt af húsaleigunni. Skólaárið 2020-2021 bjuggu alls 10 systkini (20 íbúar) á heimavistinni.

Lögheimili nemenda

Íbúar sækja heimavistina víða að af landinu og eins erlendis frá eins og tafla 2 sýnir, en hún sýnir flokkun íbúa eftir lögheimilisskráningu í október 2020:

Tafla 2 - Skipting íbúa eftir skólum og lögheimili í október 2020

| | VMA íbúar | MA íbúar | Allir íbúar |
|-----------------------------------|-------------|-------------|-------------|
| Suðvesturland og Suðurland | 11% | 15% | 13% |
| Vesturland | 2% | 3% | 3% |
| Vestfirðir | 4% | 4% | 4% |
| Norðvesturland | 24% | 21% | 22% |
| Eyjafjörður (þ.m.t. Siglufjörður) | 20% | 21% | 20% |
| Norðausturland utan Eyjafjarðar | 13% | 16% | 15% |
| Austurland | 26% | 18% | 22% |
| Erlendis | 0% | 2% | 1% |
| | 100% | 100% | 100% |

Á síðustu árum hafa flestir íbúar beggja skólanna verið frá norðvesturlandi. Í ár eru flestir íbúar bæði frá norðvesturlandi og austurlandi. Flestir VMA íbúar koma frá austurlandi en flestir MA íbúar koma frá norðvesturlandi og Eyjafirði.

Heimili íbúanna

Heimavistin á að vera tryggt og öruggt heimili fyrir íbúa og er kappkostað að svo sé enda mikilvægt fyrir íbúa og foreldra/forráðamenn að haft sé eftirlit með hegðan og líðan íbúanna eins og kostur er. Lögð er áhersla á að íbúar temji sér góða umgengni á vistinni, umhirðu herbergja sinna, virði næðistíma á næturna og að öll meðferð áfengis og fíkniefna sé stranglega bönnuð.

Reglum og eftirliti með hegðan og líðan íbúanna var skólaárið 2020-2021 líkt og undanfarin ár fylgt eftir með uppbyggilegum ábendingum og afskiptum eftir þörfum. Gangafundir hafa verið haldnir í upphafi

skólaársins en vegna COVID náðist ekki að halda hefðbundinn fund með íbúum fyrr en í mars 2021 þar sem reglur heimavistarinnar voru áréttáðar o.s.frv. Þá náðist ekki að halda árlega rýmiæfingu. Hjúkrunarfræðingur hafði líkt og fyrri skólaár reglulega viðtalstíma á heimavistinni tvisvar í viku, klukkustund í senn og veitti íbúum aðstoð og liðsinni um frekari heilbrigðisþjónustu ef á þurfti að halda. Almenn ánægja er með að geta boðið upp á þessa þjónustu.

Hagsmunamál íbúa

Íbúar kjósa sér hagsmunaráð heimavistarinnar, öðru nafni heimavistarráð. Heimavistarráð hefur starfað með framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum og unnið að framgangi sameiginlegra hagsmunamála íbúanna. Heimavistarráð hefur skipulagt félagsstarf og unnið að undirbúningi viðburða á heimavistinni. Á skólaárinu 2020-2021 náðist ekki að manna heimavistarráð að fullu auk þess sem fjöldatakmörkanir komu í veg fyrir að hægt væri að halda viðburði framan af. Á vorönn þegar létti á takmörkunum stóðu nokkrir íbúar fyrir páskabingói sem var vel sótt af íbúum.

Agamál

Í samstarfi við skólameistara hefur Lundur mótað skýrar vinnureglur um meðferð og afleiðingar áfengisbrota á heimavistinni. Viðurlögin við áfengisbrotum fara eftir eðli brotanna en drykkja íbúa á heimavistinni er brottrekstrarsök. Þá hafa einnig verið mótaðar vinnureglur um meðferð og afleiðingar vímuefnanotkunar sem eru alvarlegustu brotin á agareglum vistarinnar.

Lítið var um að íbúar væru staðnir að verki við að reykja rafréttur inni á herbergjum með tilheyrandi afleiðingum þetta skólaárið og ekki þurfti að vísa neinum íbúa af vist vegna áfengisneyslu.

Nokkur fíkniefnatest voru framkvæmd á skólaárinu af hjúkrunarfræðingi líkt og árinu áður og var fjórum íbúum vísað af vist í kjölfarið.

Skipulags- og rekstrarmál.

Alls störfuðu tíu starfsmenn á skólaárinu 2020-2021: Tveir starfsmenn á næturvakt, tveir starfsmenn á skiptum vöktum á daginn og kvöldin, einn starfsmaður á morgunvöktum, tveir helgarstarfsmenn og einn starfsmaður í húsumsjón og næturvörslu, auk þjónustustjóra og framkvæmdastjóra.

Á skólaárinu létu þrír starfsmenn af störfum, þjónustustjóri um haust og starfsmaður á dag- og kvöldvöktum og starfsmaður á helgarvöktum létu af störfum um vorið. Allt voru þetta starfsmenn sem höfðu langan starfsaldur. Hægt var að kveðja starfsmennina með viðeigandi hætti þrátt fyrir COVID.

Á árinu unnu nokkrir íbúar á heimavistinni yfir vetrartímann líkt og verið hefur. Starfið fólst í ýmis konar aðstoð við starfsmann á vakt s.s. við að ryksuga, fylla á lagera o.s.frv. Tveir íbúar störfuðu yfir vetrartímann og unnu að jafnaði alls 2-4 klst. á viku.

Ekki var ráðist í viðamiklar endurbætur á árinu líkt og árinu áður en fremur farið í hefðbundið viðhald á húsnæðinu. Þó var haldið áfram að leggja parket á herbergi á nýju vist og að þessu sinni var farið í alls 13 herbergi.

Áhrif COVID á starfsemi heimavistar

Þegar tekið var á móti íbúum í upphafi skólaársins var COVID-19 faraldurinn enn við lýði og reyndar allt skólaárið. Því þurfti að aðlaga móttöku og umgengnisreglur miðað við þær takmarkanir sem í gildi voru hverju sinni og gefnar voru út af stjórnvöldum.

Móttöku íbúa var skipt niður til að virða fjöldatakmarkanir sem í gildi voru og því fengu íbúar og forráðamenn fyrirfram gefnar dagsetningar til móttöku. Í húsnæðinu voru merkingar og s.k. sprittstöðvar á ákveðnum stöðum og grímuskylda hélst að mestu út skólaárið. Húsnæði heimavistar var skipt niður í hólf og aðgangsstýrt. Þannig notuðu íbúar eldra húsnæðis útidyrhúrd í norður meðan að íbúar nýju vistar notuðu suður innganginn. Með þessu móti var reynt að koma í veg fyrir of mikla blöndun milli hópa. Þá þurfti að skipta íbúum niður á matmálstíma og þvottatíma til að uppfylla fjöldatakmarkanir og þurfti nokkrum sinnum að endurraða því kerfi eftir því hvaða takmarkanir voru í gildi hverju sinni. Þá þurfti einnig að halda utanum hverjir voru á leið í covid test, hverjir í sóttkví o.s.frv.

Eins og gefur að skilja var COVID að hafa áhrif á hefðbundið heimilislíf íbúa og því ekki hægt að bjóða upp á ýmislegt sem að öllu jöfnu er í boði. Næturgestir voru ekki leyfðir lengst af og ekki hægt að halda jólahlaðborð og önnur félagstengd starfsemi var felld niður um tíma.

Loka þurfti heimavistinni fyrir en ætlað var fyrir páska þegar að framhaldsskólunum var lokað.

Þá var ekki hægt að taka á móti grunnskólanemendum úr nágretta byggðarlögum í kynningar á heimavistinni sem hefur verið árviss viðburður, unnin í samstarfi við námsráðgjafa skólanna.

Ákveðið var að auglýsa eftir íbúum til að taka upp myndband svo koma mætti kynningu á heimavistinni að einhverju leyti til skila til þeirra sem ekki höfðu tök á að koma í heimsókn. Skemmst er frá því að segja að íbúar útbjuggu myndbönd með kynningum og viðtölum og annað myndefni sem mikil ánægja var með.

Þrátt fyrir ýmsar áskoranir á skólaárinu náðist að halda heimavistinni opinni með samstilltu átaki allra.